

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu  
bt. Ólafs Davíðssonar, formanns  
Forsætisráðuneytinu  
Við Lækjartorg  
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. ágúst 2002

Ég skírskota til bréfs umbjóðanda míns, Björgólfss Thors Björgólfssonar, dags. 29. júlí síðastliðinn, til framkvæmdanefndar um einkavæðingu, í tengslum við auglýsingum nefndarinnar eftir tilkynningum frá áhugasönum fjárfestum um kaup á a.m.k. 25% hlut í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. Í bréfi umbjóðanda míns var óskað eftir svörum nefndarinnar við spurningum sem settar voru fram sex töluliðum. Bréfi þessu hefur nefndin ekki enn svarað. Svo sem fram kom í bréfinu er það ógerlegt fyrir umbjóðanda minn og samstarfsaðila hans að meta hvort hann hafi áhuga á að fjárfesta í kjölfestuhlut í bönkunum, nema fá svör við spurningunum. Með þessu bréfi er ítekuð ósk umbjóðanda míns um svör við spurningunum, sem allra fyrst, svo hann og samstarfsaðilar hans geti ákveðið hvaða vinnubrögð þeir muni viðhafa í þessu máli.

Virðingarfyllst,

---

Þórunn Guðmundsdóttir hrl.